

# INNGANGUR

## ÁGÆTV KENNARAR

---

Þá er komið að lokum Eddusagnanna.

Ég legg enn áherslu á að þetta er ekki kennslubók í ásatru heldur endursögn á sögum úr Gylfaginningu, Skáldskaparmálum og Eddukvæðum. Trúlega verða ekki allir sem hafa sökk sérið niður í þessi fræði sammála túlkun minni á ýmsum smáatriðum af því að hver sem les norræna goðafræði fær eigin sýn á þau og túlkar þau á sinn hátt. Og það er einmitt kostur þessara fornu fræða hve margt við getum lesið út úr þeim. Eins og áður nýti ég samtöl til að varpa ljósi á persónuleika goða og gyðja. Samtölin eru tilbúningur minn en gagnleg til að gefa persónunum líf.

Ég sé fyrir mér ýmsa möguleika á því hvernig má nota þessa bók í skólanum: Kennari getur lesið hana fyrir bekkinn í nestistímum og leyft svo nemendum að glíma við verkefnið hverjum fyrir sig eða nokkrum saman. Nemendur geta sjálfir lesið bókina og fengið samhliða eða eftir á að velja sér verkefni úr henni. Einnig geta þeir unnið saman tveir eða fleiri.

Þetta efni hentar vel til sagnagerðar, ekki síst munnlegrar, enda eru þetta upphaflega munnmælasögur sem hafa gengið frá kynslóð til kynslóðar.

Hér á eftir er farið yfir kafla bókarinnar og gefnar hugmyndir um umræðuefni. Síðan eru meðfylgjandi verkefni sem nemendur geta spreytt sig á í tengslum við hvern kafla. Einnig eru fimm lesskilnings- og fimm samlestrarverkefni.